

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. mars 2013
Tilvísun: UST20130200034/ksj

Reyrhagi Flóahreppi. Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi íbúðarhúss, bílskúrs, alifuglahúsa og tækjaskemma.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps er barst 5. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu fyrir tillögu að deiliskipulagi nýs lögbýlis sem kallast Reyrhagi.

Skipulagssvæðið

Deiliskipulagstillagan nær yfir eru tvær 15 hektara spildur úr landi Gafls og er í Flóahreppi.

Byggingar

Á byggingarreit B1 er gert ráð fyrir íbúðarhúsi allt að 200 m² og bílgeymslu allt að 50 m² að stærð. Á byggingarreit B1 er gestahús 20 m² að stærð sem þegar hefur verið byggt. Á byggingarreitum B2 og B3 er gert ráð fyrir fjórum alifuglahúsum og tveim tækjaskemmum, hver bygging að stærð allt að 1400 m².

Alifuglabú

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir fjórum alifuglahúsum á hinu nýja lögbýli. Ekkert kemur fram um stærðir væntanlegra alifuglahúsa né umfang alifuglarekstrar. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að áætlaður fjöldi fugla í alifuglahúsum komi fram svo meta megi umhverfisáhrif rekstrarins. Umhverfisstofnun bendir einnig á að alifuglabú er framkvæmd, er fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir er falla undir 2. viðauka ofangreindra laga eru framkvæmdir er kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í 4. málsgrein 24. gr reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti segir: „Óheimilt er að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær

mannabústöðu, matvælafyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs bústöðum en sem nemur 500 metrum.“

Umhverfisstofnun bendir á að regla þessi er sett með það í huga að draga úr smithættu og ónæði af ólykt, sem fylgir þeim búskap sem nefndur er í 24. grein reglugerðarinnar.

Til upplýsinga bendir stofnunin einnig á að þar sem gert er ráð fyrir í lýsingu að fjarlægð frá miðlínu Hamarsvegur er 50 metrar, þá geti umferð haft truflandi áhrif á starfsemi alifuglabúa.


Umhverfisáhrif


Í tillögu að deiliskipulagi fyrir nýbýlið Reyrhaga þarf að koma fram hver sjónræn áhrif áætlaðra alifuglahúsa og skemma verða á umhverfi lögbýlisins. Einnig þarf að koma fram hvernig komist verði hjá lyktarmengun frá ofangreindum alifuglahúsum og hvernig meðferð á úrgangi frá þeim verði háttáð.

Niðurstaða

Í tillögu að deiliskipulagi fyrir lögbýlið Reyrhagi þurfa vegalengdir milli alifuglabúa og íbúðarhúss að koma skýrt fram, sem og stærðir alifuglahúsanna. Einnig þarf að meta sjónræn áhrif stórra skemma og alifuglahúsa á umhverfið og meta umhverfisáhrif lyktarmengunar og mótvægisáðgerðir ef þær eru nauðsynlegar. Einnig þarf að gera grein fyrir meðferð á úrgangi frá alifuglahúsum

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun